

### 38. Stjórnarfundur Alnæmisbarna, 16. ágúst 2006

Haldinn kl. 12-13 í húsnæði Samorku við Suðurlandsbraut.

Mætt: María, Helga, Ragna, Guðlaugur, Bjarni Reyur og Sigurlaug.

Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var samþykkt.

Þegar Helga fer að sjá um heimasíðuna okkar, tekur Bjarni Reyur við gjaldkeraembættinu. Hann ætlar fyrst að setja aðalfundargerðina á netið.

Fundur með Barnaheill 8. ágúst

María, Gestur, Helga og Sigurlaug fóru á fund með Petrínu Ásgeirsd. hjá Barnaheill þann 8. ágúst. Hún er hinn nýkjörni framkvæmdarstjóri Barnaheilla. Lögð voru fram ýmis gögn og upplýsingar um CLF og Alnæmisbörn. Rætt var um mögulegt samstarf Alnæmisbarna og CLF við Save the children (Barnaheill) í Kampala og var vel tekið í það. Stefnt er að því að fara í sameiginlega ferð til Uganda 19. nóv. og dvelja í ca viku. Í þessa ferð fer Petrína frá Barnaheill og María og Gestur frá Alnæmisbörnum. Rætt var m.a. um þann möguleika að Barnaheill gæti komið meir að þeim málum sem varða börn og ungt fólk undir 18 ára aldri í CLF. Einnig að athuga betur hvort Unifem geti séð um eftirfylgni þeirra sem eru 18 ára og eldri. Petrína ætlar að skrifa fundargerð um þennan sameiginlega fund okkar.

Markmiðslýsing fyrir menntun og eftirfylgni við CL-stúlkur – drög frá Helgu og Maríu

Drög þeirra Helgu og Maríu voru rædd. Í þessari markmiðslýsingu er lögð meiri áhersla á hin upphaflegu markmið stúlnanna hjá CLF sem er menntun þeirra. Stefna þurfi fyrst og fremst að því að hjálpa þeim að klára grunnskólann svo þær komist í framhaldsnám. Það er besta hjálpin til sjálfshjálpar. Rætt um að CL-stúlkurnar eigi alltaf að ganga fyrir varðandi nám. Unifem-námskeiðin, sem eru 3ja mánaða námskeið, séu of dýr og samrýmist ekki nægjanlega vel markmiðum okkar. Á þessum námskeiðum sé lögð of mikil áhersla á saumaskap. Þykir miður að farið sé af stað með 4ða námskeiðið.

Í markmiðslýsingunni komi fram að stjórn Alnæmisbarna þurfi að koma að ráðningu kennara í samstarfi við CLF. Einnig að kennarinn geri reglulega skýrslu um starfsemi skólans og gengi stúlnanna í skólanum. Það sé t.d. hægt að gera eftir hverja önn og fjármögnun næsta skólaárs ákvörðuð í lok hvers skólaárs í samræmi við útkomu skýrslna fyririggjandi skólaárs.

Lögð skulu áhersla á fögin lestur, skrift og reikning og ef tími gefst til einnig á tölvunarfræði. Ákveðið að ræða við íslenskan kennara um hvaða kröfur liggja að baki grunnskólaprófi. Hvort t.d. sé til staðlað lestrarpróf í Uganda.

Ragna ætlar að bæta við markmiðslýsinguna þeim þáttum sem komu fram á fundinum og senda á fundarmenn. Að því loknu verður markmiðslýsingin borin undir Gest áður en hún verður kynnt fyrir CLF.

#### Umsóknir um styrki frá fyrirtækjum og sjóðum

Ekkert gerst í þeim málum. Rætt um að vinna þurfi að því að eitthvert fyrirtæki styrki Alnæmisbörn til þess að greiða húsaleigu fyrir CLF sem er um kr. 20.000,- á mánuði eða rúmar kr. 200.000,- á ári. Hægt er að gera það með mánaðarlegum framlögum eða greiða alla upphæðina í einu. Einnig ræddur sá möguleiki að fá fyrirtæki til að verða „fastir“ styrktaraðilar Alnæmisbarna varðandi jólakortasjóð þeirra. ISOR hefur t.d. veitt slíka styrki í 2 ár.

#### Fréttir frá CLF

Rosette, sem er framkvæmdarstjóri CDL, eignaðist dóttir 10. júlí.

Stjórn Alnæmisbarna er búin að senda peninga fyrir áframhaldandi starfsemi CDL.

#### Verkefni framundan

- Stefna að því að þróa samstarfið við Barnaheill áfram.
- Vinna áfram að gerð nýrra markmiðslýsinga um framtíð og stefnu starfsemis CDL. María ætlar einnig að kanna ástand húsnæðis CLF þegar hún fer út í nóv. upp á hvort borgi sig að leigja húsnæðið áfram eða kaupa það eða eitthvert annað húsnæði í nágrenninu í framtíðinni.
- María ætlar að hafa samband við Þórunni Sveinbjarnardóttur, fyrri formanns stjórnar Alnæmisbarna, til þess að kanna hvort að hún geti sent nýja styrkumsókn til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.
- María ætlar að hafa samband við Sigríði Baldursdóttur, mastersnema í Stokkhólmi, og kanna hvenær á haustdögum hún getur haldið fyrirlestur á félagsfundi um dvöl sína í CLF.

#### Næsti fundur

Næsti fundur verður miðvikud. 6. sept. kl. 12 hjá Helgu á VGK, Laugavegi 178.

Sigurlaug Hauksdóttir, ritari stjórnar